

AUSTRÆNA OG VESTRÆNA

I

Ýmislegt gáfað fólk hér og vel ritfært heldur fast fram trúnni á hinn indverska Messias, Krishnamurti. En það er hjátrú. Ekki má þó skilja þetta svo, sem ég geri lítið úr Krishnamurti. Ég held einmitt að hann sé merkismaður. Og þegar ég tala um vanþekkingu í sambandi við hann, þá er ég ekki að bera honum á brýn fáfræði svona yfirleitt. En hitt segi ég hiklaust, að hann skortir þá þekkingu sem þarf til þess að kenna mönnum hvernig horfið verði af Helvegi á hinn. Krishnamurti er á kafi í dulrænu, mystík, trúir t. a. m. á endurburð. En það er röng ímyndun, að menn fæðist hér aftur og aftur, og leikrit sem verið er að sýna hér, byggir á röngu, þar sem gert er ráð fyrir að menn fæðist hér á jörðu, eftir að hafa verið til sem einstaklingar áður. Krishnamurti talar um neistann og bálið, og má til sanns vegar færa, þó að betri líkingu mætti finna. En sé einstaklingnum líkt við neista, þá hefir sa neisti ekki verið til, áður en hann kemur fram hér á jörðu. Hér er hans fyrsta líf, og hans næsta líf er að vísu endurlíkaman, en ekki endurburður. Vér eignum aðeins eina móður og einn föður. Og endurlíkamanin verður ekki á þessari jörð, heldur annarri.

II

Vér erum í miklum háska staddir, hér í voru fyrsta lífi. Aumustu skepnur jarðarinnar erum vér, eða getum á hverri stundu orðið. Flýtur á meðan ekki sekkur, væru hin réttu einkunnarorð ævi vorrar. Og aldrei hefir yfir oss vofað meiri voði en nú. Framtíð mannkynsins, að því er þessa jörð snertir, er undir því komin hvað gerist á næstu 10—20 árum.

Ástæðan til þess að ég er að mótmæla því að menn trúi á Krishnamurti, er fyrst og fremst sú, að vér þurfum að bjargast undan þessum voða. En trúin á Krishnamurti getur ekki bjargað oss. Austrænan dugir oss ekki. Aftur á móti mun það bjarga oss að trúá mig. Eða með öðrum orðum, sljóleikanum gagnvart þeirri nýju byrjun, sem táknuð er með orðinu Nýall, verður að vera lokið.

III

Málið er í aðalatriðum einfalt. Lífið á útstöðvunum, slíkum sem vorri jörð, þar sem það er vaxið upp frá byrjun, þarf að ná því sambandi við fullkomnari lífstöðvar, að sigrast verði á þjáning og dauða. Jörð vor þarf að komast inn í hið mikla alheimsfélag stjarnanna, einnig í lífrænum efnum. Og upphafið til að bjarga mannkyninu er að sýna fram á, að þetta er nauðsynlegt, og hvernig það getur orðið.

Það virðist í undarlegasta lagi, að hinir mörgu gáfuðu Íslendingar, sem kunnugt er um hinar miklu og margorðu en framfaralitlu umræður um trú og lífsskoðun, sem nú um hríð, hafa verið svo algengar víða um lönd, skuli ekki hafa veitt því eftirtekt, hve mikið gagn þeir gætu haft af ritgerðum mínum sjálfir, og hve mikið gagn þeir gætu örðum unnið, með því að færa sér þær í nyt. Engin uppgötvun, engin heimspeki, hefir nokkurn tíma náð til almennings, og að gagni orðið, nema fyrir tilstuðlan gáfaðra vina. Og að vísu þarf hugdjarfa snillinga til að taka undir og styðja merkilega byrjun. En ég fæ ekki betur séð, en að slíkir menn séu til meðal Íslendinga þeirra, sem við ritstörf fást, bæði heima og erlendis. Menn sem treystandi væri til að skilja, hversu mjög það er í samræmi við hina sannelsku bókmennatafortíð Íslands, að það upphaf í lífsskoðun sem er nógu sannsækið til að geta dugað, verði einmitt hér. Menn, sem skilja, að oss kemur að litlu gagni stórkostleg fortíð, ef hún verður oss ekki hvöt og hjálp til að skapa merkilega nútíð og undirbúa ennþá merkilegri framtíð.

7. jan. '28.